

Tillaga	A 2025/PRE
Flytjandi	Forsætisnefnd
Afgreiðsla	Forsætisnefnd

## Forsætisnefndartillaga um breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs

Forsætisnefnd leggur til að Norðurlandaráð samþykki

að breyta 22. og 65. gr. í starfsreglum Norðurlandaráðs svo að þær hljóði svo:

### 22. gr. Nefndarskipan

„Forsætisnefnd er skipuð forseta, varaforseta og allt að 16 öðrum þingmönnum. Danmörk, Finnland, Færeyjar, Grænland, Ísland, Noregur, Svíþjóð og Álandseyjar og allir flokkahópar skulu eiga þar fulltrúa.“

### 65. gr. Útnefningar

„Flokkahópar og fulltrúar sem standa utan flokkahópa fá frest, sem kjörnefnd ákveður, til að útnefna frambjóðendur til kosninga sem fram fara á þingfundi.“

Landsdeildirnar tilnefna forseta og varaforseta Norðurlandaráðs sem og fulltrúa Færeyja, Grænlands og Álandseyja í forsætisnefnd auk fulltrúa í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans og stjórn Norræna menningarsjóðsins. Við útnefningarnar ber að leitast eftir jafnvægi milli landa og kynja og enn fremur, sé þess kostur, nefndarsetu á þjóðþingum.“

að fella brott 23. gr. starfsreglna Norðurlandaráð í ljósi þessa

að láta breytingarnar hér að framan taka gildi 1. janúar 2026 og sæta endurskoðun eftir tvö ár

## Bakgrunnur

Landsdeild Færeyja kynnti tillögu í september 2024 um að breyta starfsreglum Norðurlandaráðs á þá leið að öll löndin átta ættu fasta fulltrúa í forsætisnefnd. Forsætisnefnd skipaði þá starfshóp til að kanna áhrif slíkrar breytingar.



Starfshópurinn fundaði þrisvar á vormánuðum 2025, ræddi mismunandi sviðsmyndir breytinga á starfsreglunum og lagði mat á þær. Fjallað var um málefni er vörðuðu fjárhagsáætlun, fyrirsvar, þingstyrk flokkahópanna og aðra mikilvæga þætti. Á fyrsta fundinum kom í ljós eindreginn vilji til að tryggja fulltrúum Færeyja, Grænlands og Álandseyja sæti í forsætisnefndinni.

Starfshópurinn kynnti niðurstöður sínar á sumarfundi forsætisnefndar og lagði til að forsætisnefnd semdi nýja tillögu að innri ákvörðun um breytingar á 22., 23. og 65 gr. starfsreglna Norðurlandaráðs. Markmiðið er að tryggja öllum átta löndum fulltrúa í forsætisnefnd, um leið og tekið væri tillit til áhrifa á samsetningu forsætisnefndar og þingstyrk flokkahópanna. Tillagan var send til umsagnar á lögfræðisvið Norðurlandaráðs, sem metur að breytingarnar séu samrýmanlegar öðrum greinum starfsreglnanna og Helsingforssamningnum.

Forsætisnefnd féllst á tillögur starfshópsins. Forsætisnefnd samþykkti einnig tillögu starfshópsins um að fyrirkomulagið yrði metið að tveimur árum liðnum.

Í ljósi þessa hefur verið gerð tillaga um eftirfarandi breytingar:

### 3. Forsætisnefnd

#### 22. gr. Nefndarskipan

Forsætisnefnd er skipuð forseta, varaforseta og allt að 136 öðrum kjörnum fulltrúum. Öll lönd [Danmörk, Finnland, Færeyjar, Grænland, Ísland, Noregur, Svíþjóð og Álandseyjar](#) og allir flokkahópar skulu eiga þar fulltrúa.

**Athugasemd:** Löndin eru nefnd í samræmi við innri reglur skrifstofu Norðurlandaráðs um hvernig vísað er til norrænu landanna.

#### ~~23. gr. Álandseyjar, Færeyjar og Grænland~~

~~Við meðferð mála sem varða Álandseyjar, Færeyjar eða Grænland er kjörnum fulltrúa þeirra heimilt að sitja fund með málfrelsi og tillögurétt.~~

**Athugasemd:** ~~Í kjölfar breytingar á 22. gr. er lagt til að 23. gr. falli brott í heild sinni.~~

### 8. Kosningar

#### 65. gr. Útnefningar

Flokkahópar og fulltrúar sem standa utan flokkahópa fá frest, sem kjörnefnd ákveður, til að útnefna frambjóðendur til kosninga sem fram fara á þingfundi.

Landsdeildirnar tilnefna forseta og varaforseta Norðurlandaráðs sem og [fulltrúa Færeyja, Grænlands og Álandseyja í forsætisnefnd auk](#) fulltrúa í eftirlitsnefnd Norræna



fjárfestingarbankans og stjórn Norræna menningarsjóðsins. Við útnefningarnar ber að leitast eftir jafnvægi milli landa og kynja og enn fremur, sé þess kostur, nefndarsetu á þjóðþingum.

**Athugasemd:** Þessi breyting felur í sér að forsætisnefnd stækkar um þrjú sæti sem tilnefnd eru beint af færeysku, grænlenku og álenku landsdeildunum, í stað flokkahópanna. Þessi þrjú nýju sæti teljast því ekki með í núverandi kvóta flokkahópanna, þar sem starfshópurinn mat það sem svo að slíkt gæti haft óæskileg áhrif á samsetningu forsætisnefndar

## Álit forsætisnefndar

Forsætisnefnd fagnar þessum breytingum sem tryggja öllum löndum fulltrúa í nefndinni. Öll lönd og flokkahópar hafa átt sæti í þeim starfshópi forsætisnefndar sem vann tillögurnar að þessum breytingum.

Forsætisnefndin leggur áherslu á að breytingarnar sæti endurskoðun tveimur árum eftir gildistöku til að meta hugsanleg áhrif þeirra á styrkleikahlutföll flokkahópanna í forsætisnefnd og í Norðurlandaráði í heild.

Ósló, 16. september 2025

*Heléne Björklund (S)*

*Dagbjört Hákonardóttir (Samf.)*

*Henrik Møller (S)*

*Jorodd Asphjell (A)*

*Kim Berg (sd)*

*Heidi Greni (Sp)*

*Helena Gellerman (L)*

*Jouni Ovaska (cent)*

*Lars-Christian Brask (M)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)*

*Helge Orten (H)*

*Kathy Lie (SV)*

*Høgne Hoydal (T)*

*Angelika Bengtsson (SD)*